

## **Minnisblað – breyting gjaldskráa vegna BPHE**

Minnisblað þetta er ritað í tilefni af fyrirhuguðum breytingum á formi og innheimtu sorphirðugjalda gagnvart íbúum og fyrirtækjum vegna breytinga sem gerðar hafa verið á lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Stefnt er að því að svara eftirfarandi spurningum:

Er heimilt að breyta gjalddaga og gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2023:

- A. Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjaldskrá ársins 2023.
- B. Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjaldskrá ársins 2023 og áður en komið er að fyrsta gjalddaga.
- C. Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjaldskrá ársins 2023 og eftir að búið er að leggja á fyrsta gjalddaga (senda álagningarseðil).

Fyrirvari er á að ekki var farið í djúpa greiningu á mismunandi formi á innheimtu í mismunandi sveitarfélögum.

### **I. Málavextir:**

Með lögum nr. 103/2021 voru gerðar tiltekna breytingar á ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs. Með lögnum var breytt ákvæði 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, þar sem fram kemur að skylt sé að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, með því að miða gjald við magn úrgangs, gerð, losunartíðni, frágang úrgangs eða annað.

Lögin tóku gildi frá 1. janúar 2023. Fyrir liggur að fjöldi sveitarfélaga hefur nú þegar samþykkt gjaldskrár sem miða við eldra fyrirkomulag, en hafa hug á að breyta gjalddaga í samræmi við nýtt fyrirkomulag, sem þó getur verið mismunandi milli sveitarfélaga.

### **II. Sjónarmið**

Sveitarfélög hafa forræði á setningu gjaldskráa hjá sínu sveitarfélagi. Heimild til gjalddaga getur þó verið mismunandi, allt eftir því hvers kyns gjöld um er að ræða. Stærstur hluti gjaldskráa sveitarfélaga eru þjónustugjöld og eiga gjöldin að endurspegla raunkostnað sveitarfélagsins við veitingu þjónustunnar. Í 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs er lagaheimild til töku þjónustugjalds vegna meðhöndlunar úrgangs.

Algengast er í rekstri sveitarfélaga að gera og/eða staðfesta gjaldskrár árlega og þá við áramót og birta þær í b-deild Stjórnartíðinda (ekki er um algilt fyrirkomulag að ræða þar sem sum sveitarfélög eru með eldri gjaldskrár sem uppfærast skv. vísitölu). Þrátt fyrir þessa hefð í rekstri sveitarfélaga hefur sveitarfélag fullt forræði á því að breyta gjaldskrá á öðrum tímamarki heldur en við áramót og er ekkert í lögum sem bannar slíkt. Sú gjaldskrá getur þó aldrei byrjað að hafa áhrif á íbúa/fyrirtæki sveitarfélagsins fyrr en eftir samþykkt slíkrar gjaldskrár í sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags og í kjölfarið birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Algengt er í rekstri sveitarfélaga að gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs séu innheimt á sama tíma og fasteignagjöld. Er þá sendur út álagningarseðil í upphafi árs fyrir bæði fasteignagjöldum og gjalda vegna meðhöndlunar úrgangs og algengt er að þeim gjöldum sé skipt í mánaðarlega gjalddaga (oftast um 10). Hafi álagningarseðill verið sendur út þar sem fram kemur heildarupphæð og skipting gjalda vegna meðhöndlunar úrgangs getur það veitt íbúum væntingar um að það séu endanleg gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs vegna þess árs, sem getur valdið því að breyting til hækkunar teljist ekki vera heimil.

Allar breytingar á gjaldskrá sem eru til lækkunar á gjöldum fyrir meðhöndlun úrgangs eru þó ávallt heimilar enda um ívilnandi aðgerð að ræða fyrir viðkomandi íbúa. Auk þess væri ávallt heimilt að breyta gjaldskrá með þeim hætti að greitt yrði fyrir aukna þjónustu sem væri valkvæð, s.s. ef bæta ætti við íláti við heimili, eða breyta stærð íláta. Slíkt yrði þó að byggja á beiðni viðkomandi íbúa en ekki skyldu hans til þess að greiða umrætt gjald.

Við skoðun á málinu þarf að líta til þess að ef á reynir á gjaldtöku gagnvart borgurum landsins þá er íþyngjandi gjaldtaka metin með ströngum hætti gagnvart þeim opinbera aðila sem er að leggja íþyngjandi gjöld á einstaklinga. Er álit þetta því gefið með það í huga að sveitarstjórnir séu meðvitaðar um hvers beri sérstaklega að gæta við ákvarðanir hvað varðar álagningu gjalda sem leiða til hækkunar gagnvart einstaklingum.

### III. Álit

Er heimilt að breyta gjalddaga og gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2023:

*A. Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjaldskrá ársins 2023.*

Ekkert í lagaumgjörð sveitarfélaga eða því sem fram kemur í lögum um meðhöndlun úrgangs kemur í veg fyrir að gjaldskránni sé breytt áður en kemur að innheimtu umrædds gjalds. Hafi því hvorki verið sendur út álagningarseðill eða gefinn út reikningur með öðrum hætti vegna þeirra gjalda sem um ræðir ætti að vera heimilt að breyta gjaldskrá og birta þá nýja gjaldskrá með breyttri tilhögun innheimtu.

Nauðsynlegt er að taka fram að sú þjónusta sem á að veita skv. gjaldskránni þarf þá að vera til staðar frá gildistöku gjaldskrárinnar. Ef sveitarfélagið er ekki tilbúið til þess að innleiða nýtt fyrirkomulag er hægt að útbúa gjaldskrá sem miðar við að breytt fyrirkomulag taki gildi á árinu, en dæmi um það eru til bæði frá Reykjavíkurborg og Borgarbyggð og mögulega fleiri sveitarfélögum.

*B. Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjaldskrá ársins 2023 og áður en komið er að fyrsta gjalddaga.*

Hafi álagningarseðill verið sendur út til íbúa verður að gjalda varhug við því að gjaldskrá sé breytt eftir þann tíma og í samræmi við nýsamþykktu gjaldskrá, nema breytingar á gjaldskrá teljist ívilnandi og/eða valkvæðar.

Hafi álagningarseðill/reikningur ekki verið sendur út má ætla að rýmri heimild sé til staðar til þess að breyta fyrirkomulagi gjalda hjá sveitarfélaginu, þó óheppilegt væri að gera það þegar mjög langt yrði liðið á árið (til dæmis ef álagning er eingöngu einu sinni, t.d. að hausti). Hið sama gildir og að ofan greinir að breytingar til ívilnunar eða valkvæð þjónusta væri heimil.

*C. Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjaldskrá ársins 2023 og eftir að búið er að leggja á fyrsta gjalddaga.*

Þegar búið er að leggja á fyrsta gjalddaga verður að gjalda varhug við því að breyta föstum gjöldum til hækkunar nema nýtt fyrirkomulag sé til lækkunar gjalda, eða sé valkvæð, s.s. með því að óska eftir minni ílátum, tíðni hirðingar sé breytt o.s.frv.

### IV. Lausnir

Þau sveitarfélög sem hafa samþykkt gjaldskrár miðað við eldra fyrirkomulag geta mátað aðstæður í sínu sveitarfélagi að ofangreindum svörum. Jafnframt er hægt að fá álit sambandsins á því hvort mögulega væri hægt að koma á breyttri gjaldskrá miðað við aðstæður sveitarfélags.

Ef sveitarfélag er ekki tilbúið til þess að breyta fyrirkomulagi fyrr en síðar á árinu ættu þau sveitarfélög að líta til þeirra fyrirmynnda að sveigjanlegri gjaldskrá sem vísað er til að ofan.

[Reykjavík](#)

[Borgarbyggð](#)

Ef sveitarfélög eru tilbúin til þátttöku í breyttu fyrirkomulagi og eru tilbúin með nauðsynlega innviði, s.s. samninga við sorphirðuaðila og annan búnað (mismunandi tunnur ef því er að skipta), er fremur hægt að gera gjaldskrá sem nýta mætti til fleiri ára en ekki sveigjanlega gjaldskrá eins og einstök sveitarfélög hafa sett sér, sem fyrirsjáanlegt er að þurfi að breyta í samræmi við reynslu af verkefninu og því að búið sé að ákveða endanlegt fyrirkomulag í viðkomandi sveitarfélagi. Hér má t.d. nefna gjaldskrá Ísafjarðarbæjar, Bláskógabyggðar og gjaldskrá Grímsnes- og Grafningshrepps:

[Ísafjarðarbær](#)

[Bláskógabyggð](#)

[Grímsnes- og Grafningshreppur](#)